

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 19.05.2021, kl. 17:15

Mætt: Brynja Baldursdóttir (BB), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Ingvar H. Ragnarsson (IHR), Sigurgeir Guðlaugsson (SG), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (PBS).

Einnig sátu fundinn Baldvin Sturluson (BS) fjármálastjóri og Ása Inga Þorsteinsdóttir (ÁIP) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Forfallaðir: Heiðrún Jónsdóttir (HJ).

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

1. Samþykkt fundargerða

Lagðar voru fram til samþykktar eftirfarandi fundargerðir:

- Aðalfundur U.M.F Stjörnunnar sem haldinn var þann 15. apríl sl.
- Aðalstjórnarfundur haldinn 6. apríl sl.
- Aðalstjórnarfundur haldinn 9. febrúar sl.

Niðurstaða: Var fundargerð aðalfundar samþykkt án breytinga, aðalstjórnarfundar 6. apríl með smávægilegum breytingum frá SG og fundargerð aðalstjórnarfundar 9. febrúar með smávægilegum breytingum frá IHR.

2. Fjármál

A. 4. mán. uppgjör félagsins

BS fór yfir 4. mánaða uppgjör félagsins. Í lok apríl var rekstur félagsins í heild neikvæður um rúmar 48 m.kr. og vegur þar þyngst rekstur afreksflokka félagsins. Barna – og unglíngastarf félagsins er einnig í neikvæðum rekstri í flestum tilfellum en má rekja það til tekjutaps vegna viðburðahalds sem hefur fallið niður á vorönn og gert var ráð fyrir í rekstri eininganna. Rekstur aðalstjórnar og vallarsjóðs er jákvæður um samtals rúmar 5 m.kr.

Niðurstaða: til upplýsinga

B. Úthlutun styrksins frá ÍSÍ – tillaga fjárhagsráðs

Við úthlutun verði lögð áhersla á að bæta deildum tekjutap vegna stærri fjáröflunarviðburða sem féllu niður árin 2020 og 2021 vegna Covid-19, þ.e. Herrakvölds, Kvinnakvölds, Villibráðarkvölds og Þorrablóts. Einnig verði litið til skiptingar iðkendafjöldi sem lá að baki styrkveitingu til Stjörnunnar. Rætt var um að stærstum hluta styrks verði úthlutað til að mæta tekjutapi vegna fjáröflunarkvöldanna.

Stjórnir deilda muni sjálfar ákvarða nánari útdeilingu styrks til mismunandi hópa innan viðkomandi deilda (sambærilegt og gert var árið 2020).

Við mat á tekjutapi vegna fjáröflunarviðburða var litið til meðalafkomu síðustu þriggja viðburða eins og hún birtist í bókhaldi Stjórnunnar. Litið er til afkomu Þorablotís árin 2018-2020 og til afkomu Herra-, Kvenna- og Villibráðarkvölda árin 2017-2019.

Út frá meðalafkomu hvers viðburðar eru reiknuð hlutföll fyrir skiptingu þess hluta ÍSÍ-styrksins sem úthlutað verður vegna fjáröflunarkvölda. Skiptingin er: 40% Þorablotís, 34% Herra- og kvennakvöld, 25% Villibráðarkvöld.

Byggt verður á iðkenda fjölda á aldri 6-18 ára við ákvörðun hlutfalla fyrir skiptingu þess hluta ÍSÍ-styrksins sem úthlutað verður vegna iðkenda fjölda. Skiptingin er: 38,9% knattspyrna, 25% fimleikar, 17,2% körfubolti, 14% handbolti, 4,9% sund.

Skoðuð var mismunandi samsetning milli hlutfalls fjáraflanna og iðkenda fjölda. Fallist var á að vinna út frá þremur sviðsmyndum sem lagðar voru fyrir aðalstjórn:

1. 75% (+/-) fjárhæðar byggð á fjáröflunarkvöldum og um 25% (+/-) byggt á iðkenda fjölda.
2. 80% (+/-) fjárhæðar byggð á fjáröflunarkvöldum og um 20% (+/-) byggt á iðkenda fjölda.
3. 85% (+/-) fjárhæðar byggð á fjáröflunarkvöldum og um 15% (+/-) byggt á iðkenda fjölda.

Niðurstaða:

Ákvörðun aðalstjórnar var að velja sviðsmynd 1 þar sem horft er til 75/25 skiptingar á milli fjáröflunarkvölda og iðkenda fjölda. Skipting milli deilda er því svohljóðandi:

Fimleikadeild	1.137.558kr
Handboltadeild	5.332.821kr
Knattspyrnudeild	7.278.893kr
Körfuboltadeild	4.238.736kr
Sunddeild	220.809kr
Samtals	18.208.816kr

Óskað er eftir að formenn deilda taki til umræðu innan sinna stjórna, hvernig þeir sjái fyrir sér skiptingu fjárhæðar sem deildin fékk milli eininga hennar.

Tilkynning þess efnis þarf að senda formlega til fjármálastjóra í tölvupósti á baldvin@stjarnan.is eigi síðar en 15.júní næstkomandi.

C. Styrkur frá Garðabæ vegna framkvæmda í TM höllinni

Tekin var til umræðu skipting á styrk Garðabæjar til Stjórnunnar vegna framkvæmda við nýja leikklukku í TM höllinni. Garðabær ákvað að verja 10 milljónum króna til þessara framkvæmda.

Fjárhagsáð lagði til að fjárframlagi frá Garðabæ vegna klukkunnar yrði fyrst varið til þess að greiða að fullu bókfærða eign handboltadeildar í klukkunni og að það sem eftir stæði gengi upp í bókfærða eign

aðalstjórnar í klukkunni. 3.708.171 m.kr af fjárframlagi Garðabæjar er því ráðstafað til handboltadeildar, afgangurinn gengur upp í bókfærða eign aðalstjórnar í klukkunni.

Niðurstaða: tillagan var samþykkt einróma og ÁÍP falið að upplýsa formann handboltadeildar um ákvörðun og bókun stjórnar.

D. Áætlun handboltadeildar

BS lagði fram áætlun fyrir afreksstarf handboltadeildar sem unnin hefur verið í samvinnu við stjórn deildarinnar. Áætlunin gerir ráð fyrir að stjórn deildarinnar þurfi að safna um 7.6 m.kr í nýjar tekjur svo rekstur eininganna sé á núlli um áramót.

Niðurstaða: Áætlunin var samþykkt.

3. Samningar við Garðabæ v/mannvirkja

1. Vallarsamningur

ÁÍP fór yfir síðustu samskipti við Garðabæ varðandi vallarsamninginn þar sem Garðabær hefur fallist á að hækka fjárhæð hans í 57,3 mkr. Samningsfjárhæðin miðast við janúar 2021 og gildir fyrir árið 2021. Það ræðst svo af fjárhagsáætlun Garðabæjar hvers ár hvort fjárhæðin hækkar en í samningnum er fjárhæðin ekki bundin vísitölu.

Niðurstaða: til upplýsinga.

2. TM höllin – forsendur og fýsileiki

ÁÍP upplýsti um að í byrjun mars bárust samningsdrög frá Garðabæ ásamt sundurliðun á kostnaði á rekstri hússins. Í framhaldi af því var ákveðið að leggjast yfir núverandi vaktarplan starfsmanna hússins til að geta brotið niður launakostnað og áttað okkur betur á fýsileika þess að taka reksturinn yfir, þar sem launakostnaður er 72% af rekstrarkostnaði alls hússins samkvæmt sundurliðun. Ekki var búið að gera ráð fyrir kjarasamningshækkunum og afleiðingum af styttingu vinnuvikunnar hjá vaktstarfsmönnum sem nú eru að taka gildi. Undanfarnar vikur hefur því átt sér stað samtali við forsvarsmenn Garðabæjar um endurútreikninga út frá áður nefndum forsendum. Er horft til þess að fyrrgreindar breytingar hækki þennan kostnaðarlið um 10-15%, en er þar ekki gert ráð fyrir neinni yfirstjórn annarri en vaktstjóra.

Einnig var rætt um umsjón með rekstri hússins og samvinnu við handboltadeild og aðrar deildir sem nota húsið til æfinga.

Niðurstaða: ÁÍP er falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Garðabæjar til að fara yfir samninginn og rekstrartölur en einnig verður boðað til fundar með forsvarsmönnum handboltadeildar til að ræða frekari hugmyndir um framkvæmd á rekstri hússins.

4. Starfsmannamál

ÁÍP fór yfir niðurstöður starfsmannakönnunar og áhyggjur sem hún hefur af líðan starfsmanna varðandi álag, skipulag og samskipti innan félagsins. ÁÍP lagði því fram beiðni um breytingu á stöðugildum sem felur í sér aukningu um 1,5 starfsgildi fyrir aðalstjórn.

Niðurstaða: verður málið tekið til betri skoðunar og samþykktar í samfellu við nýja áætlun aðalstjórnar og vallarsjóðs.

5. Stefnumótun

Umræðu frestað til næsta fundar, þar sem verðtilboð lá ekki fyrir frá Manino.

6. Önnur mál

1. Samstarf með nýju Appi

PBS fór yfir hugmynd að nýju appi sem er að koma á markað og hefur áhuga á að vinna með Stjórnunni á meðan þeir eru að vinna sig inn á markaðinn. Aðalstjórn tók vel í hugmynd um samstarf og fól ÁÍP og BS að skoða málið nánar.

2. Aðalstjórnarkort og leikmannakort

Ákveðið var að útbúa á nýjan leik aðalstjórnarkort en þau voru sett í frýstingu á meðan fjöldatakmarkanir á leiki sökum Covid-19 voru sem mestar. Eins bar ÁÍP upp hugmynd frá þjálfara mfl kk í handbolta um að útbúin yrðu sérstök leikmannakort fyrir afreksíþróttahópa félagsins svo þeir gætu mætt frítt á leiki og mót annarra deilda. Var tekið vel í hugmyndina og hún verður tekin fyrir á næsta félagsráðsfundum með formönnum deilda.

3. Vetrarmýrin

Málefni frestað til næsta fundar

4. Fjármagn í nýtt stjórnulag

SG óskaði eftir samþykki stjórnar fyrir framlagi í nýtt Stjórnulag sem hugmyndir eru uppi um. Áætlaður kostnaður er um 700 þús kr. Samþykkti aðalstjórn þá fjárveitingu í verkefnið.

5. Málefni mfl kk í knattspyrnu

Rædd voru málefni mfl kk í knattspyrnu, m.a. aðdragandi og forsendur uppsagnar Rúnars Páls Sigmundssonar, þjálfara. SG vék af fundi vegna fjölskyldutengsla við leikmann flokksins. Ákveðið var HJ myndi hafa samband við formann knD í kjölfar fundarins.

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:25 – ritað ÁÍP